

renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Pálmar Magnússon, greiði 120.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. janúar 1981.

Nr. 107/1980. **Ákærvaldið**

(Pórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Hans Anders Þorsteinssyni

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, meðal annars um breytingar, sem gerðar hafa verið á götum, þar sem árekstur sá varð, sem mál þetta er risið af.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi og brot ákærða réttilega heimfærð til lagaákvæða. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu

dóms þessa og vararefsing varðhald 2 daga. Í máli þessu verður ekki tekin afstaða til þáttar ökumanns R 8470 í bifreiða-árekstrinum.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur (nýkr.).

D ó m s o r ð :

Ákærði, Hans Anders Þorsteinsson, greiði 250.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmans, 1.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. september 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 26. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 353/1979: Ákærvaldið gegn Hans Anders Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. júlí 1979, gegn Hans Anders Þorsteinssyni bifreiðarstjóra, Kleppsvegi 132 í Reykjavík, fæddum 6. september 1918 í Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa miðvikudaginn 10. janúar 1979, er hann ók bifreiðinni R 2566 eftir hægri akrein norður Kleppsveg í Reykjavík án nægjanlegrar aðgæslu, af skyndingu og án þess að gefa stefnumerki beygt í veg fyrir bifreiðina R 8479, sem

ekið var í sömu átt eftir vinstri akrein, á móts við afleggjarann að Kleppsspítalanum, þannig að árekstur varð.

Telst þetta varða við 1. mgr. 46. gr., 2. mgr. 52. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann hvorki sætt kær- um né refsingum, sem hér skipta máli.

Hinn 10. janúar 1979 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um árekstur á Kleppsvegi við afleggjarann að Kleppsspítalanum. Höfðu þar rekist saman bifreiðarnar R 2566, sem ákærði ók, og R 8479. Tveir lögregluþjórnar fóru á staðinn. Tók annar þeirra skýrslu af öikumönnunum, en hinn gerði uppdrátt af vettvangi.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar kvaðst ákærði hafa ekið norð- ur Kleppsveg og ætlað að taka U beygju og aka síðan suður Kleppsveg. Hann sagðist ekki hafa verið fullkomlega á vinstri vegarhelmingi. Hann kvaðst hafa litið í baksýnispegil og því næst beygt, en þá fyrst orðið bifreiðarinnar R 8479 var. Hann kvaðst ekki hafa gefið stefnumerki.

Hinn 28. febrúar sl. hafnaði ákærði að ljúka máli þessu með greiðslu lögreglusektar. Í skýrslu, sem hann gaf hjá lögreglunni þann dag, kvaðst hann hafa verið að öllu leyti á vinstri akrein, áður en hann beygði. Sagði hann vettvangsuppdrátt sýna þetta mjög greinilega.

Ákærði mætti fyrir dómi hinn 30. mars sl. Hann taldi þá, að ökumaður bifreiðarinnar R 8479 hefði ekið eftir snjóruðningi merktum D á uppdrætti lögreglunnar og troðið sér meðfram sinni bifreið, en ákærði kvaðst hafa ekið á vinstri vegarhelmingi, þó nær miðju vegar.

Verður nú rakinn framburður vitna.

Vitnið Jónas Helgason trésmiður, til heimilis að Vesturbergi 25 í Reykjavík, var ökumaður bifreiðarinnar R 8479. Vitnið kvaðst hafa ekið á vinstri vegarhelmingi Kleppsvegar, áður en árekstur- inn varð. Vitnið sagði bifreið sína fyrst hafa snert nefndan snjó- ruðning, þegar það beygði til að forðast árekstur. Vitnið mundi, að ákærði viðurkenndi fyrir lögreglu, að hann hefði ekki litið í hliðarspegil, er hann beygði, heldur aðeins í baksýnispegil. Einnig viðurkenndi hann, að hann hefði ekki gefið stefnumerki.

Vitnið Rúna Bjarnadóttir skrifstofustúlka, til heimilis að Stuðlaseli 46 í Reykjavík, var farþegi í bifreiðinni R 8479 og sat í framsæti bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt

ökumann bifreiðarinnar, en hann var vinur vinnufélaga vitnisins. Vitnið sagði bifreiðina R 8479 hafa ekið eftir vinstri akrein norður Kleppsveg. Samsíða henni var jeppabifreið, sem beygt var fyrir bifreiðina R 8479. Vitnið mundi ekki, hvort ökumaður jeppabifreiðarinnar gaf stefnumerki.

Vitnið Birgir Þór Ólafsson skrifstofumaður, til heimilis að Skeiðarvogi 93 í Reykjavík, var farþegi í bifreiðinni R 8479 og sat í aftursæti hægra megin. Vitnið sagði, að bifreiðinni R 8479 hefði verið ekið á vinstri akrein Kleppsvegar. Samsíða henni ók jeppabifreið, sem skyndilega ók í veg fyrir bifreiðina R 8479. Vitnið mundi sérstaklega eftir því, að ökumaður jeppabifreiðarinnar gaf ekki stefnumerki.

Vitnið Benedikt Benediktsson, rannsóknarlögreglumaður á slysarannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, mundi eftir því, að ákærði sagði á árekstrarstað, að hann hefði ekki verið fullkomlega á vinstri vegarhellingi, þegar hann beygði. Þá sagði vitnið, að framburður ökumanns bifreiðarinnar R 8479 hefði getað staðfest miðað við hjólför bifreiðarinnar.

Vitnið Gunnar Theodór Gunnarsson, lögregluþjónn nr. 121, staðfesti að hafa gert vettvangsupprátt þann, er að málinu snýr, og að hafa gert hann eftir bestu vitund. Vitnið sagði, að för eftir bifreiðina R 8479 hefðu bent til þess, að ökumaður hennar hefði reynt að beygja undan bifreið ákærða og við það lent í jaðri snjóruðnings, sem var við vegarbrúnina.

Telja verður sannað með hliðsjón af framburði vitna og öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það, sem hann er ákærður fyrir. Brot hans telst varða við 1. mgr. 46. gr. og 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, krónur 25.000, og komi 3 daga varðhald í sektarinnar stað, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal greiðslu 50.000 króna í málsvagnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Hans Anders Þorsteinsson, greiði 25.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 3 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal 50.000 krón-

ur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar héraðsdómslögmanns.

Þriðjudaginn 20. janúar 1981.

Nr. 6/1981. **Ákærvaldið**
 gegn
Ólafi Stefáni Halldórssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. janúar 1981, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. janúar 1981.

Ár 1981, laugardaginn 17. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í fangelsinu Síðumúla 28, af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Ólafur Stefán Halldórsson, atvinnulaus og heimilislaus, fæddur 10. september 1958, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. janúar nk. vegna gruns um brot gegn 244. gr. og 257. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Er í greinargerð með kröfu RLR vísað til 3. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.